

**Borgarráð 23. júní 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um breytingu á samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar vegna alvarlegs húsnæðisástands. MSS22060181**

Fram kemur að í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar er samið um að á reitnum, Kirkjusandur 2, verði 20% íbúða skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Félagsbústaðir hafa kauprétt á allt að 5% íbúða á umsömdu föstu verði, sbr. 4. gr. Fulltrúi Flokks fólksins veltir því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að breyta samningsmarkmiðum Reykjavíkur og þá þannig að hækka prósentu íbúða sem skilgreindar eru leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Um þetta er spurt vegna húsnæðisástandsins sem kemur hvað verst niður á leigjendum og efnaminna fólki.